



12. janúar 2022  
Tilv.: 2112114

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

*Efni:* Tillaga til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026, 2. mál

Með tölvupósti dags. 14. desember sl. óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026, 2. mál.

Seðlabanki Íslands horfir fyrst og fremst til þess hvort breytingar á afkomu ríkissjóðs frá einu ári til annars auki eftirspurn í þjóðarbúskapnum eða dragi úr henni. Þetta er mælt með breytingu á frumjöfnuði sem leiðréttur hefur verið fyrir áhrifum hagsveiflunnar.

Í fjármálastefnu árána 2022-2026 er kveðið á um að leiðarljós hennar sé að hækkun skuldahlutfalls hins opinbera stöðvist eigi síðar en árið 2026. Til að það náist er þörf á draga úr þeim mikla hallarekstri sem leiddi af COVID-19 farsóttinni og heldur áfram á hverju ári út tímabilið sem stefnan nær til.

Í *Peningamálum* 2021/4 sem gefin voru út 19. nóvember sl. mat Seðlabankinn horfur um aðhaldsstig ríkisfjármála til ársins 2024. Það mat byggði á þjóðhagsspá bankans þar sem m.a. var horft til fyrirbyggjandi áætlana í ríkisfjármálum auk birtra gagna sem málið varða. Mat bankinn það svo að aðhald ríkisfjármála myndi aukast um hátt í 3% af landsframleiðslu á árinu 2022 samhliða því að stuðningsaðgerðum ríkissjóðs vegna farsóttarinnar sleppti. Á árunum 2023-2024 mat bankinn það svo að aðhaldið myndi aukast áfram um 1,3% af landsframleiðslu að jafnaði hvort ár og voru boðaðar óráðstafaðar aðhaldsaðgerðir fjármálaáætlunar 2022-2026 hafðar til hliðsjónar við það mat.

Í meginatriðum er þróun afkomu ríkissjóðs samkvæmt fjármálastefnunni í takt við áætlun *Peningamála*. Stefnt er að umtalsverðum afkomubata í ár sem rekja má að mestu til þess að mótvægisáðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19 farsóttarinnar runnu sitt skeið árið 2021 og er gert ráð fyrir 1,5% bata afkomunnar á næsta ári og um 1% á árunum þar á eftir.

Eftir því sem efnahagssumsvif rétta úr kútnum í kjölfar farsóttarinnar og slakinn í þjóðarbúinu snýst í spennu telur Seðlabankinn brýna þörf á að undið verði ofan af örvunaraðgerðum síðustu ára með sem allra mestri aðhaldssemi í ríkisfjármálum og að ekki verði vikið frá markmiðinu um stöðvun skuldaaukningarinnar svo að jafnvægi náist sem fyrst. Það myndi auðvelda peningastefnunni að halda verðbólgu í verðbólguþröngum. Hér vísar Seðlabankinn jafnframt til niðurlags umsagnar sinnar til nefndarinnar um fjárlög 2022, dags 10. desember 2021.

Aðhaldsstig ríkisfjármála verður metið á ný í *Peningamálum 2022/2* sem verða birt 4. maí nk.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson  
seðlabankastjóri